

Þriðjudaginn 28. október 1975.

Nr. 62/1974. **Rafveita Hafnarfjarðar**

(Hrafnkell Áskelsson hrl.)

gegn

Raftækjaverksmiðjunni h/f (Einar Viðar hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómarnir Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason og prófessor Gaukur Jörundsson.

Raforkugjald. Endurheimta. Gjaldskrá samkvæmt orkulögum.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 27. mars 1974. Krefst hann sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Eins og greinir í hinum áfrýjaða dómi, heimilaði iðnaðarráðuneyti áfrýjanda hinn 17. febrúar 1972 að hækka frá og með 10. s. m. um 10% smásöluverð raforku samkvæmt þágildandi gjaldskrá áfrýjanda nr. 192/1971, enda yrði breytingin auglýst með venjulegum hætti. Gjaldskrárbreyting samkvæmt þessari heimild var þó eigi birt og verðhækkun auglýst, fyrr en gjaldskrá nr. 139 7. júní 1972 var birt í B deild Stjórnartíðinda, sem út komu 10. júlí 1972. Var í niðurlagsákvæði þeirrar gjaldskrár kveðið svo á, að hún tæki gildi þegar í stað.

Samkvæmt 25. gr. orkulaga nr. 58/1967 skal ákveða gjald fyrir raforku frá héraðsrafmagnsveitu í gjaldskrá, sem stjórn veitunnar semur, en ráðherra staðfestir. Eigi er unnt að líta svo á, að raforkuverði samkvæmt gjaldskrá nr. 192/1971 hafi verið löglega breytt fyrir gildistöku gjaldskrár nr. 139/1972, enda verður ekki á það fallist með áfrýjanda, að 2. mgr. IV. kafla hinnar fyrrnefndu gjaldskrár ásamt greindu samþykki iðnaðarráðuneytis hafi geymt næga heimild honum til handa til að krefja stefnda um hækkað raforkugjald frá því, sem ákveðið var í staðfestri gjaldskrá, þar sem það ákvæði samrýmdist ekki fyrimælum 25. gr. orkulaga.

Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, en ekki er ágreiningur um fjárhæð dómkröfu stefnda eða um vexti.

Rétt er, að áfrýjandi greiði stefnda 25.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Rafveita Hafnarfjarðar, greiði stefnda, Raftækjaverksmiðjunni h/f, 25.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Hafnarfjarðar 28. janúar 1974.

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 23. þ. m., hefur Raftækjaverksmiðjan h/f, Hafnarfirði, höfðað fyrir dóminum á hendur Rafveitu Hafnarfjarðar, Hafnarfirði, með kröfugerð fyrir dómi og framlagningu skjala í dóm hinn 23. janúar 1973.

Stefnandi krefst þess, að stefnda verði gert að greiða honum kr. 49.565.80 ásamt 8% ársvöxtum frá 16. nóvember 1972 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu úr hendi hans.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo í stefnu:

„Rafveita Hafnarfjarðar selur Raftækjasmiðjunni h.f. rafmagn til reksturs síns. Með bréfi frá iðnaðarmálaráðuneytinu, dags. 17. 2. 1972 til Rafveitu Hafnarfjarðar, var rafveitunni heimiluð hækkun á gjaldskrá sinni um 10% frá og með 10. 2. 1972, enda yrði sú breyting, ef af yrði, auglýst með venjulegum hætti.

Hafði þetta í för með sér hækkun á eftirgreindum reikningum, sem hér segir:

Reikningur pr. 31. 3. 1972 kr. 27.738.80

Reikningur pr. 31. 5. 1972 — 33.029.00

Reikningur pr. 31. 7. 1972 — 9.725.00

Kr. 70.492.80

Eins og fyrr segir, var skilyrði fyrir hækkun þessari, að hún yrði auglýst með venjulegum hætti, enda slíkt boðið í l. nr. 54/1960, 6. gr. Þessu skilyrði telur stefnandi ekki hafa verið fullnægt og hækkunina því ólöglega.

Í bréfi, dags. 16. 11. 1972, krafði stefnandi stefnda um endurgreiðslu á fjárhæð þessari, að frádregnum kr. 20.927.00, sem vanreiknaðar voru á reikningi, eða á kr. 49.565.80, en stefnda neitaði endurgreiðslu í bréfi, dags. 21. 11. 1972, og er málshöfðun því óhjákvæmileg.

Í greinargerð stefnda segir m. a.:

„Stefndi byggir sýknukröfur sínar á heimild ráðuneytisins til hækkunar á gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar um 10% frá og með 10. febrúar 1972, sbr. dskj. nr. 3. Hækkun þessi var auglýst sérstaklega til hvers einstaks gjaldanda með reikningum, sem bornir voru til þeirra, en þar kemur fram hækkun á smásöluverði rafmagns. Er þessi háttur auglýsingar miklu áhrifameiri en auglýsingar í dagblöðum eða öðrum opinberum stöðum, og er einmitt sá venjulegi.

Þar að auki er gjaldskráin sérstaklega birt í B deild Stjórnartíðinda, sbr. bls. 334—337.

Misskilningur er hjá stefnanda, að 6. gr. laga nr. 54/1960 um verðlagsmál gildi um hækkun þessa. Orkulög nr. 58/1967 fjalla um gjald fyrir rafmagnsnotkun, nánar tiltekið 24. og 25. gr. Skv. þeim semur stjórn rafveitu gjaldskrá, en ráðherra staðfestir hana. Ráðherra hefur staðfest reglugerðina og leyft hækkun hennar á þeim tíma, sem mál þetta snertir, sbr. einnig dskj. nr. 3, eins og hér að ofan er gert grein fyrir“.

Skal nú málsatvikum nánar lýst.

Með bréfi, dags. 22. desember 1971, fór Rafveita Hafnarfjarðar þess á leit, að iðnaðarráðuneytið heimilaði hækkun á þágildandi gjaldskrá rafveitunnar, sem var nr. 192 frá 1. september 1972.

Í 25. gr. laga nr. 58/1967 er svofellt ákvæði:

„Gjald fyrir raforku frá héraðsrafmagnsveitu, sem fellur undir ákvæði 24. gr., skal ákveða í gjaldskrá, sem stjórn veitunnar semur og ráðherra staðfestir. Í gjaldskrá má ákveða sérstakt heimtaugargjald, sem greiðist, þegar heimtaug er lögð. Gjaldskrá skal endurskoða eigi sjaldnar en fimmta hvert ár“.

Ráðuneytið svaraði hækkunarbeiðni rafveitunnar með bréfi, dags. 17. febrúar 1972, sem lagt hefur verið fram sem dskj. nr. 3 og hljóðar svo:

„Ráðuneytið vísar til bréfs Rafveitu Hafnarfjarðar, dags. 22. desember f. á., varðandi hækkun á gjaldskrá. Var Framkvæmdastofnun ríkisins falin athugun máls þessa, og barst ráðuneytinu álitserð hennar hinn 15. þ. m., og hefir ráðuneytið ákveðið, með hliðsjón af henni, sbr. og 2. gr. laga nr. 94 24. desember 1971, að

heimila Rafveitu Hafnarfjarðar að hækka smásöluverð raforku skv. núgildandi gjaldskrá um 10% — tíu af hundraði — frá og með 10. febrúar 1972, enda verði sú breyting, ef af verður, auglýst með venjulegum hætti. Tekið skal fram, að hækkunarheimild þessi tekur til heimtaugargjalda og taxta fyrir stórnotkun, en þessi tvö atriði eru í framhaldandi athugun í ráðuneytinu og svo fremi að hún kynni að leiða til frekari breytinga, verður sú niðurstaða jafnskjótt tilkynnt“.

Hinn 25. maí 1972 hafði ráðuneytið lokið athugun sinni á því, hvort rétt væri að heimila hækkun heimtaugargjalda og taxta fyrir stórnotkun umfram hina almennu 10% hækkun, og þann dag ritaði ráðuneytið rafveitunni svofellt bréf:

„Ráðuneytið vísar til fyrri bréfa um hækkun gjaldskrár Rafveitu Hafnarfjarðar og staðfestir heimild til að hækka gjöld skv. gjaldskrá nr. 192 1. september 1972 um 10% — tíu af hundraði — þó svo, að gjöld fyrir stórnotkun, sbr. staflið E, má hækka um 15%, en eftir atvikum þykir rétt, að sú hækkun taki gildi í fyrsta lagi frá og með 15. júní nk.

Með vísan til ofanritaðs óskast uppkast að nýrri gjaldskrá sent ráðuneytinu hið fyrsta“.

Rafveitan samdi uppkast að gjaldskrá, sem hún sendi ráðuneytinu, sem staðfesti hana með nokkrum breytingum, m. a. felldi ráðuneytið niður úr uppkastinu svohljóðandi niðurlagsákvæði:

„Gjaldskrá þessi gildir frá og með 10. febrúar 1972, nema stafliður E, en full hækkun hans tekur gildi frá og með 15. júní 1972“.

Stafliður E í gjaldskránni fjallar um taxta fyrir stórnotkun.

Niðurlagsákvæði gjaldskrárinnar, eins og hún er birt í Stjórnartíðindum hinn 7. júní 1972 sem nr. 139/1972, hljóðar svo:

„Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar nr. 192 1. september 1971.

Iðnaðarráðuneytið, 7. júní 1972.

Magnús Kjartansson.

Jóhannes Guðfinnsson“.

Hækkunarheimildir, sbr. bréf ráðuneytisins frá 17. febrúar og 25. maí, höfðu ekki verið birtar í Stjórnartíðindum, fyrr en gjaldskráin í heild var birt hinn 7. júní 1972.

Í bréfi, sem lögmaður stefnda ritaði iðnaðarráðuneytinu hinn 5. mars 1973, segir svo:

„Með bréfi, dags. 17. febrúar 1972, heimiluðuð þér Rafveitu Hafnarfjarðar að hækka smásöluverð á rafmagni um 10% frá þágildandi gjaldskrá frá og með 10. febrúar 1972. Þá var tekið fram í bréfi yðar, að breytingin skyldi auglýst með venjulegum hætti.

Rafveitan hækkaði strax rafmagnsverðið, og kom hækkunin til framkvæmda frá og með 10. febrúar 1972, og var hverjum einstökum kaupanda í Hafnarfirði tilkynnt hækkun þessi með venjulegum hætti, það er að segja, með því að þeim voru sendir reikningar með hinu nýja verði. Er það auðvitað hin áhrifamesta auglýsing, þar sem á reikningunum er gerð grein fyrir einingarverði.

Þá er gjaldskráin birt í B-deild Stjórnartíðinda, bls. 334—337. Í lok prentunar gjaldskrárinnar í Stjórnartíðindum stendur, að gjaldskráin öðlist þegar gildi. Undirskriftardagur hennar í ráðuneytinu er 7. júní 1972. Í gjaldskránni, sem stjórn rafveitunnar samdi og yður var send, var ákvæði um það, að hún tæki gildi frá og með 10. febrúar 1972, og var það byggt á leyfi yðar frá 17. 2. 1972.

Í gjaldskrá fyrir Rafveitu Reykjavíkur, sem tók gildi um líkt leyti og staðfest var af yður, var gildistíminn ákveðinn aftur í tímann, eins og hugsunin var hjá Rafveitu Hafnarfjarðar.

Skv. 25. gr. laga nr. 58/1967 semur stjórn rafveitu gjaldskrá, en ráðherra staðfestir. Ekki er gert ráð fyrir, að ráðherra breyti gjaldskránni.

Raftækjaverksmiðjan h.f. í Hafnarfirði hefur stefnt Rafveitu Hafnarfjarðar fyrir bæjarþing Hafnarfjarðar og krafist endurgreiðslu á þeirri hækkun, sem varð 10. febrúar 1972, þar sem þeir telja hækkunina ekki vera löglega, þar sem hún að þeirra mati hafi ekki verið löglega auglýst.

Rafveitan telur aftur á móti hækkunina hafa verið löglega, sbr. það, sem hér að ofan er greint, og hefur því tekið til varna í málinu.

Því er hérmeð óskað, að hið virðulega ráðuneyti staðfesti, að hækkun Rafveitu Hafnarfjarðar á raforku um 10% frá og með 10. febrúar 1972, sbr. hér að framan, hafi verið heimil og auglýsing á hækkuninni hafi verið fullnægjandi.

Svar óskast sent skrifstofu undirritaðs“.

Svarbréf ráðuneytisins, dags. 3. apríl 1973, hljóðar svo:

„Ráðuneytið vísar til bréfs yðar, hr. hæstaréttarlögmaður, dags.

5. þ. m., varðandi deilumál Raftækjaverksmiðjunnar í Hafnarfirði annars vegar og Rafveitu Hafnarfjarðar hins vegar vegna ágreinings um gildistöku heimildar í bréfi ráðuneytisins frá 17. febrúar 1972 um hækkun raforkuverðs.

Af þessu tilefni vill ráðuneytið taka fram, að telja verði tilvitnaða heimild í umræddu bréfi ótvíræða. Hins vegar er á sama hátt augljóst, að heimildin var skilyrt. Þar sem nú að mál þetta er komið til meðferðar dómstóla, ber þeim að sjálfsögðu úrskurðarvald, um hvort birting þessarar heimildar ráðuneytisins teljist fullnægjandi eða henni hafi verið ábótavant. Sér því ráðuneytið ekki ástæðu til að tjá sig frekar um málið að svo stöddu.

Eins og áður er að vikið, er meginmálsástæða stefnanda sú, að gjaldskrárhækkunin hafi að lögum ekki öðlast gildi fyrir en með birtingu hennar í Stjórnartíðindum hinn 7. júní 1972. Gjaldskrár fyrir héraðsrafveitur verði ráðherra að staðfesta. Þær eigi stoð í 25. gr. laga nr. 58/1967. Það sé almenn regla íslensks réttar, að slík stjórnvaldsfyrirmæli öðlist eigi gildi, fyrir en þau hafa verið birt, sbr. 7. gr. laga nr. 64/1943.

Margnefnd gjaldskrárhækkun fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar hafi því ekki að lögum öðlast gildi fyrir en með birtingu gjaldskrárinnar hinn 7. júní 1972.

Auk þeirra málsástæðna stefnda, sem að framan eru raktar, rökstyður hann sýknukröfu sína með því, að iðnaðarráðuneytið hafi með bréfum sínum hinn 17. febrúar og 25. maí 1972, sem áður er til vitnað, ákveðið hækkun á þágildandi gjaldskrá. Slíka almenna hækkun um ákveðna prósentutölu sé ráðuneytinu heimilt að ákveða án þess að staðfesta nýja gjaldskrá. Gjaldskrá nr. 192 frá 1971 hafi því verið í gildi, að viðbætti 10% hækkun, fyrir það tímabil og fyrir þá orkunotkun, sem mál þetta snýst um.

Enn fremur byggir stefndi á því, að stefnandi hafi með tómlæti glatað öllum hugsanlegum rétti til endurkröfu. Hann hafi fyrirvaralaust greitt þær fjárhæðir, sem hann nú vill endurkrefja. Þessu til stuðnings hefur stefndi lagt fram afrit kvittana fyrir umræddum greiðslum, og á þær er ekki skráð, að greitt sé með fyrirvara.

Áður en stefnandi innti umræddar greiðslur af hendi, hafði framkvæmdastjóri stefnanda ritað stefnda svofellt bréf, dags. 18. apríl 1972:

„Hér með endursendist reikningur nr.: 183-030-011.

Oss hefur verið tjáð af iðnaðarmálaráðuneytinu, að hækkunir

á stórnotkunartaxta hafi ekki verið heimilaðar, enda engin tilkynning eða auglýsingar um verðhækkun sendar, eins og skylt er.

Gjörið svo vel og sendið oss nýjan réttan reikning“.

Við aðiljayfirheyrslu kvað framkvæmdastjóri stefnanda bréf þetta vera fyrstu skriflegu mótmælin af stefnanda hálfu, en kvaðst þó telja sig hafa verið búinn að ræða málið áður munnlega við rafveitustjórnann. Bréf þetta ítrekaði framkvæmdastjóri stefnanda með bréfi, dags. 26. október 1972, sem hljóðar svo:

„Samkvæmt upplýsingum iðnaðarmálaráðuneytisins, fékk Rafveita Hafnarfjarðar leyfi til hækkunar rafmagnsgjalda 7. júní s.l. Var leyfð hækkun á stórnotkunartaxta í kr. 4.674.00 pr. árs-kílówatt og kr. 0.52 pr. kwst. Áður var þessi taxti frá 1. september 1971 kr. 4.064.00 pr. árs-kílówatt og kr. 0.45 pr. kwst. Á reikningi Rafveitu Hafnarfjarðar, dags. 31. marz 1972, er kwst. gjald talið kr. 0.45 og fastagjald kr. 220.285.00 auk ótilgreinds gjaldaliðs, kr. 27.738.80.

Upplýsingar óskast um, með hvaða álagi er reiknað í þessu tilfelli, einnig fyrir hvað liðurinn kr. 27.738.80 er.

Á reikningum, dags. 31. maí og 31. júlí 1972, er reiknað með fastagjaldi kr. 242.314.00 og kr. 0.50 pr. kwst.

Óskað er eftir upplýsingum um, með hvaða álagi er reiknað í fastagjaldi, og enn fremur óskast leiðrétting á kwst. gjaldi, sem samkvæmt upplýsingum iðnaðarmálaráðuneytis á að vera kr. 0.45 pr. kwst. til 7. júní 1972 í stað kr. 0.52, sem reiknað er með á þessum reikningi. Að lokum óskum vér eftir að fá send 3 eintök af gjaldskrá Rafveitu Hafnarfjarðar“.

Fyrsta bréflaga svarið við umkvörtunum og endurkröfum stefnanda er að finna í bréfi stefnda til stefnanda, dagsettu 27. október 1972, sem hljóðar svo:

„Vegna bréfs yðar, dags. 26. 10. 1972, viljum við gjarna verða við óskum yðar og veita þær upplýsingar, er að neðan greinir:

Samkvæmt álestri á aflmæli er áætluð aflnotkun Raftækjaverksmiðjunnar h.f. árið 1972 325 kw og aflgjald reiknað samkvæmt því, þ. e. $325 \text{ kw} \cdot 4064.00 = \text{kr. } 1.320.800.00$ pr. ár, eða $220.133.00 + 152.00 \text{ kr. mælaleiga} = \text{kr. } 220.285.00$ pr. reikning.

10% almenn hækkun gjaldskrár á alla taxta tók gildi 10. 2. 1972. Vegna þess að gildistaka hækkunar kom að hluta á tvö reiknitímabil, voru reikningar pr. 29. febrúar skrifaðir út með 2% álagi og reikningar pr. 31. marz með 8% álagi. Við reikningsútskrift pr. 30. apríl hafði 10% hækkunin að fullu tekið gildi, og var einingarverðum þá breytt í samræmi við það.

Varðandi taxta E var hækkun hans að sjálfsögðu reiknuð á sama hátt og hin almenna 10% hækkun, unz iðnaðarráðuneytið veitti, hinn 7. júní s.l., heimild til enn frekari hækkunar á honum, þannig að fullnaðarhækkun hans næmi 15% frá tilgreindu verði í gjaldskrá pr. 20. september 1970 og skyldi sú hækkun taka gildi frá og með 15. júní s.l.

Reikningur pr. 31. marz er samkvæmt ofanrituðu skrifaður út með 8% álagi, og skýrir það „ótilgreinda gjaldliðinn“ kr. 27.738.00, en við reikningsútskrift pr. 31. maí hafði 10% hækkunin verið felld inn í einingarverðin, og skýrir það fastagjaldið kr. 242.314.00 og kr. 0.50 pr. kwh.

Vegna hækkunar pr. 15. júní var lesið á mælinn þann dag. Hefði þurft að reikna með tvennskonar verði á reikningi pr. 31. júlí, þótt sundurliðunin félli því miður niður vegna tæknigalla við reikningsútskrift í Skýrsluvélum. Einnig reyndist aflgjald vanreiknað við reikningsútskrift pr. 30. september af sömu ástæðu. Verður þetta leiðrétt, um leið og ársuppgjör aflgjalds fer fram um næstu áramót.

Vanreiknuð gjöld skv. framansögðu skiptast þannig:

Vanreiknað orkugjald 15/6—17/7 81.300 kwh 0/02 = 1.626.00

Vanreiknað aflgjald 15/6—31/7 253.175

÷ 242.146

11.029 · 0.75 = 8.272.00

Vanreiknað aflgjald 31/7—30/9

11.029.00

Kr. 20.927.00“.

Stefnandi ber loks fram ákveðna sundurliðaða endurgreiðslukröfu í bréfi til stefnda, dagsettu 16. nóvember 1972, svohljóðandi:

„Í framhaldi af bréfaskiptum varðandi rafmagnsgjöld H.f. Raftækjaverksmiðjunnar viljum vér taka fram:

Samkvæmt bréfi iðnaðarráðuneytisins, dags. 17. febrúar 1972, var Rafveitu Hafnarfjarðar heimiluð 10% hækkun á smásöluverði raforku frá 10. febrúar 1972, „enda verði sú breyting, ef af verður, auglýst með venjulegum hætti“.

Þessu skilyrði um auglýsingu hækkunar hefur ekki verið fullnægt svo vitað sé, og er því umrædd hækkun ólögleg.

Rafveitu Hafnarfjarðar ber samkvæmt framansögðu að endurgreiða Rafha ofreiknuð rafmagnsgjöld sem hér segir:

Dómsorð:

Stefndi, Rafveita Hafnarfjarðar, Hafnarfirði, greiði stefnanda, Raftækjaverksmiðjunni h/f, Hafnarfirði, kr. 49.565.80 ásamt 8% ársvöxtum frá 16. nóvember 1973 til greiðsludags og kr. 22.500.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 5. nóvember 1975.

Nr. 99/1974. Anna Magnúsdóttir og Einar Magnússon
f. h. dánarbús Magnúsar Sigurðssonar
(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Jóhönnu Jónsdóttur
Ármani Magnússyni
Sigurði H. Magnússyni
Svavari Magnússyni
Jónu G. Magnúsdóttur
Jóni H. Magnússyni
Kristínu Þórarinsdóttur
Birni Magnússyni
Magnúsi J. Magnússyni
Kristófer Magnússyni og
Bjarna Vilmundarsyni
(Jóhannes L. L. Helgason hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Thoroddssen borgardómari.

Búskipti. Sala jarðar.

Dómur Hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða dóm hefur kveðið upp Rúnar Guðjónsson, settur sýslumaður í Rangárvallasýslu.

Áfrýjendur hafa áfrýjað máli þessu með stefnu 20. maí 1974 og krafist þess: „Að viðurkennt verði með dómi, að $\frac{1}{2}$